

# Ráðningarbréf vegna endurskoðunar ársreiknings

1. gr.

## Tilgangur

Í nóvember 2023 gerðu Grant Thornton endurskoðun ehf., kt. 430190-1999, og Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, ásamt öðrum tilgreindum B-hluta félögum, með sér samning um endurskoðunarþjónustu árin 2023-2027. Tilgangur þessa ráðningarbréfs er að staðfesta skilmála endurskoðunarinnar í samræmi við kröfur alþjóðlegs endurskoðunarstaðals, ISA 210.

Um endurskoðunina gildir framangreindur verksamningur ásamt undirgögnum sem teljast hluti hans, m.a. útboðs- og verklýsingu nr. 15695 dagsett í mars 2023 um útboð á endurskoðunarþjónustu borgarinnar og tilboð Grant Thornton endurskoðunar ehf, dags. 4. maí 2023. Reynist ósamræmi á milli verksamningsins og þeirra gagna sem teljast hluti hans og þessa ráðningabréfs, skal verksamningurinn gilda.

2. gr.

## Umfang vinnunar

Grant Thornton endurskoðun ehf. mun endurskoða ársreikning Reykjavíkurborgar í samræmi við gildandi lög og reglur á hverjum tíma, svo sem sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, lög um ársreikninga nr. 3/2006, lög um endurskoðendur nr. 94/2019 og alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt því skal skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé í meginatriðum án annmarka.

3. gr.

## Hlutverk endurskoðenda

Hlutverk og ábyrgð Grant Thornton vegna endurskoðunar ársreiknings Reykjavíkurborgar byggir á ákvæðum laga og því álitum sem gefið er á honum. Markmið endurskoðunar er að afla nægjanlegrar víska um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg víska er mikil víska, en það er ekki tryggt að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið til vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, stakar eða samanlagðar.

Endurskoðunin byggist á úrtakskönnunum og öðrum aðferðum sem eru í eðli sínu takmarkaðar. Endurskoðun er því hvorki sérstök rannsókn sem miðar að því að upplýsa falsanir eða svik, né trygging fyrir nákvæmni ársreikningsins en vegna eðlislægrar áhættu geta villur, óreiða eða ólöglegar athafnir verið fyrir hendi og ekki uppgötvast við endurskoðun.

Endurskoðun felur í sér að öðlast nægjanlegan skilning á innri eftirlitskerfum í þeim tilgangi að geta skipulagt, metið eðli, tímasetningu og umfang endurskoðunaraðgerða sem framkvæmdar verða. Endurskoðun er ekki ætlað að veita tryggingu fyrir gæðum innra eftirlits eða uppgötva verulega annmarka. Við erum hins vegar ábyrg fyrir því að stjórnendur félagsins eða aðrir, sem hafa sambærileg völd eða ábyrgð, fái vitneskju um verulega annmarka, sem við verðum áskynja við vinnu okkar.

Grant Thornton skal einnig, án sérstakrar þóknunar, kanna hvort fullnægjandi heimildir hafi verið fyrir útgjöldum, sbr. 1. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, og hvort almenn stjórnarsýsla sveitarfélags og einstakar ákvarðanir af hálfu þess eru í samræmi við reglur um fjármál sveitarfélags, ábyrga fjármálastjórn og upplýsingaskyldu sveitarfélaga. Grant Thornton gerir grein fyrir niðurstöðum sínum skriflega í samræmi við 72. gr. sveitarstjórnarlaga.

Ákveðnar ófyrirséðar aðstæður geta skapast þar sem við getum ekki látið í ljós álit á ársreikninginn. Jafnframt getum við samkvæmt faglegu mati sagt okkur frá verkinu við ákveðnar aðstæður.

#### 4. gr.

##### Hlutverk stjórnenda

Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Gerð ársreiknings samstæðunnar og A-hluta fellur undir ábyrgð fjármálastjóra Reykjavíkurborgar fyrir hönd borgarráðs, sbr. 3. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Jafnframt bera stjórnendur ábyrgð á að Reykjavíkurborg hafi á að skipa hæfum og ráðvöndum starfsmönnum, sem kappkosta í hvívetna að borgin starfi í samræmi við lög og reglur, viðhaldi virku innra eftirliti við birtingu fjárhagsupplýsinga og að nægjanlegt eftirlit sé með eignum borgarinnar.

Það er einnig á ábyrgð stjórnenda að veita okkur óheftan aðgang að öllum bókhaldsgögnum, skjölum, fundargerðum og tengdum upplýsingum sem óskað verður eftir í tengslum við endurskoðunina. Eins munum við þurfa óheftan aðgang að tilteknum starfsmönnum borgarinnar til að afla endurskoðunargagna.

#### 5. gr.

##### Um ársreikninginn

Ársreikningur borgarinnar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, ákvæði laga um ársreikninga nr. 3/2006, reglugerð nr. 696/1996 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi, efnahagsreikningi, sjóðstreymi og skýringum, bæði fyrir A hluta og A og B hluta samantekinn.

#### 6. gr.

##### Áritun endurskoðenda og endurskoðunarskýrsla

Við munum setja álit okkar fram í sérstakri áritun á ársreikninginn. Sýnishorn af fyrirvaralausri áritun fylgir með viðauka þessum. Við vekjum þó athygli á því að þær aðstæður gætu komið upp þar sem endanleg áritun endurskoðenda kann að vera önnur og bregða verði frá fyrirvaralausri áritun.

#### 7. gr.

##### Endurnýjun skilmála endurskoðunarinnar

Ráðningarbréf þetta skal gilda út samningstímann nema það verði fellt úr gildi með nýju ráðningarbréfi. Verði breytingar á stjórn, lykilstjórnendum eða skipan endurskoðunarnefndar gæti það kallað á endurnýjun ráðningarbréfsins.

Reykjavík, Nóvember 2023

F.h. Reykjavíkurborgar

f.h. Grant Thornton endurskoðunar ehf.

---

Dagur B. Eggertsson

Borgarstjóri

---

Sturla Jónsson

löggiltur endurskoðandi og eigandi

## Drög að fyrirvaralausri áritun ársreiknings

Til borgarstjórnar Reykjavíkurborgar.

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Reykjavíkurborgar (hér eftir „borgin“) fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, eiginfjáryfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Reykjavíkurborgar á árinu 2023, efnahag hennar 31. desember 2023 og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og segir í lögum um ársreikninga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

### Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA) en frekar er greint frá því hvað felst í þeirri ábyrgð í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda. Við erum óháð borginni samkvæmt settum siðareglum endurskoðenda á Íslandi og við höfum uppfyllt ákvæði reglnanna. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Lykilatriði endurskoðunarinnar

Lykilatriði endurskoðunarinnar eru þau atriði sem að okkar faglega mati hafa mesta þýðingu fyrir endurskoðun okkar á ársreikningi borgarinnar árið 2023. Þessi atriði voru yfirfarin við endurskoðun á ársreikningnum og höfð til hliðsjónar við ákvörðun á viðeigandi álit á honum. Í áritun okkar látum við ekki í ljós sérstakt álit á hverju þeirra fyrir sig.

Eftirfarandi atriði teljum við vera lykilatriði í endurskoðun okkar:

*Hér kæmi fram upptalning á þeim atriðum sem við teljum vera lykilatriði við endurskoðunina. Þá kemur einnig útskýring á því hvers vegna við teljum þessi atriði vera lykilatriði í endurskoðuninni og dæmi um endurskoðunaraðgerðir eða prófanir sem fóru fram í tengslum við endurskoðun á þessum atriðum.*

## **Aðrar upplýsingar**

Borgarstjórn og borgarstjóri eru ábyrg fyrir öllum upplýsingum sem borgin birtir, jafnt ársreikningi sem öðrum upplýsingum. Upplýsingar í ársskýrslu, að ársreikningi og áritun óháðs endurskoðanda undanskildu, er dæmi um annað efni sem borgin birtir. Álit okkar nær ekki yfir upplýsingar í ársskýrslu eða annað efni sem borgin gefur út og við staðfestum ekki þær upplýsingar sem þar er að finna. Hvað ábyrgð okkar varðar felst hún í yfirllestri á efni ársskýrslunnar þegar við höfum fengið hana afhenta og athugun á því hvort um verulegt ósamræmi sé að ræða milli hennar og ársreikningsins, hvort upplýsingar í ársskýrslu séu í andstöðu við þær upplýsingar sem við höfum aflað við endurskoðun okkar eða hvort í ársskýrslunni séu verulegar villur. Ef verulegar villur eða ósamræmi við ársreikninginn koma upp er okkur skylt að koma því á framfæri til stjórnar og beita viðeigandi aðgerðum eftir alvarleika misræmisins.

## **Ábyrgð borgarstjórnar og borgarstjóra á ársreikningnum**

Borgarstjórn og borgarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og lög um ársreikninga. Borgarstjórn og borgarstjóri eru einnig ábyrg fyrir innra eftirliti er varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru borgarstjórn og borgarstjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi borgarinnar. Ef við á, skulu borgarstjórn og borgarstjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema borgarstjórn og borgarstjóri hafi ákveðið að leysa borgina upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Borgarstjórn og borgarstjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

## **Ábyrgð endurskoðanda**

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg vissa er mikil vissa, en það er ekki tryggt að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur, séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið til vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, stakar eða samanlagðar.

Sem hluti af endurskoðuninni sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, beitum við faglegu mati (e. professional judgment) og við höfum faglega tortryggni (e. professional skepticism). Eftirfarandi atriði eru einnig hluti af endurskoðun okkar á ársreikningi borgarinnar:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast

við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjálafals og misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits borgarinnar.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi borgarinnar.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.
- Öflum fullnægjandi endurskoðunargagna vegna fjárhagsupplýsinga og eininga innan borgarinnar til að geta látið í ljós álit á ársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar borgarinnar. Við berum ein ábyrgð á álit okkar á borginni.

Okkur ber skylda til að upplýsa borgarstjórn og borgarstjóra meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við borgarstjórn og borgarstjóra að við höfum uppfyllt skyldur síðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum til að tryggja óhæði okkar.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst borgarstjórn og borgarstjóra um, lögðum við mat á hvaða atriði höfðu mesta þýðingu í endurskoðuninni á yfirstandandi ári og eru það lykilatriði endurskoðunarinnar. Við lýsum þessum atriðum í áritun okkar nema lög og reglur leyfi ekki að upplýst sé um slík atriði eða í einstaka tilfellum þegar endurskoðandinn metur að ekki skuli upplýsa um viðkomandi atriði þar sem neikvæðar afleiðingar af slíkri upplýsingagjöf eru taldar vega þyngra en hagsmunir almennings af upplýsingunum.

Fyrir hönd Grant Thornton endurskoðunar ehf.  
Reykjavík, xx. xxx 202x